

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2004 frá 29. október 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum, sem verða fyrir því að vera vísað frá vegna umframskráningar í flug og að flug sé fellt niður eða að mikil seinkun verði á flugi, og um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr. 295/91 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Með reglugerð (EB) nr. 261/2004 er felld úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 68aa (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97):
„68ab. **32004 R 0261**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum, sem verða fyrir því að vera vísað frá vegna umframskráningar í flug og að flug sé fellt niður eða að mikil seinkun verði á flugi, og um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr. 295/91 (Stjtið. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 1).“
2. Texti 68. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 261/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EBL 36, 8.2.1991, bls. 5.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.